



**102. fundur Byggðaráðs Múlapings  
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 5. desember 2023  
og hófst hann kl. 08:30**

**Fundinn sátu:**

Vilhjálmur Jónsson varaformaður, Ívar Karl Hafliðason aðalmaður, Hildur Þórisdóttir aðalmaður, Helgi Hlynur Ásgrímsson aðalmaður, Þröstur Jónsson áheymarfulltrúi, Guðný Lára Guðrúnardóttir varamaður, Björn Ingimarsson sveitarstjóri, Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri og Inga Þorvaldsdóttir fundarritari.

**Fundargerð ritaði:** Inga Þorvaldsdóttir, fulltrúi á stjórnsýslusviði

**Dagskrá:**

**1. 202301003 - Fjármál 2023**

Fjármálastjóri og sveitarstjóri fóru yfir og kynntu mál er varða fjármál og rekstur sveitarfélagsins.

Lagt fram til kynningar.

**2. 202306001 - Fjárhagsáætlun Múlapings 2024 - 2027**

Fyrir liggur fjárhagsáætlun 2024, ásamt þriggja ára áætlun, sem er til umfjöllunar í byggðaráði fyrir síðari umræðu í sveitarstjórn.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings samþykkir að vísa fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun 2024, ásamt þriggja ára áætlun 2025-2027, til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**3. 202311308 - Upplýsingatækni- og tölumál hjá Múlapingi**

Inn á fundinn tengdust undir þessum lið Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri, Hrund Erla Guðmundsdóttir, sérfræðingur í stafrænum lausnum, og Ólafur Björnsson, umsjónarmaður tölumála, og fóru yfir þau verkefni sem unnið er að á þessu sviði.

Lagt fram til kynningar.

**Gestir**

Óðinn Gunnar Óðinsson og Hrund Erla Guðmundsdóttir - 08:58

**4. 202311225 - Skipurit félagsþjónustu Múlapings**

Fyrir liggur bókun frá fundi fjölskylduráðs, dags. 28.11.2023, þar sem samþykkt



er breyting á innra skipulagi félagsþjónustu.

Lagt fram til kynningar.

**5. 202311355 - Hafnargata 42B, sala**

Fyrir liggja drög að auglýsingu varðandi mögulega sölu eignarinnar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að eignin Hafnargata 42B verði auglýst til sölu í samræmi við fyrirliggjandi drög að auglýsingu og felur framkvæmda- og umhverfismálastjóra framkvæmd verksins.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**6. 202311354 - Hafnargata 44B (Sólbakki), sala**

Fyrir liggja drög að auglýsingu varðandi mögulega sölu eignarinnar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að eignin Hafnargata 44B verði auglýst til sölu í samræmi við fyrirliggjandi drög að auglýsingu og felur framkvæmda- og umhverfismálastjóra framkvæmd verksins.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**7. 202311364 - Hafnargata 40b,sala**

Fyrir liggja drög að auglýsingu varðandi mögulega sölu eignarinnar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að eignin Hafnargata 40B verði auglýst til sölu í samræmi við fyrirliggjandi drög að auglýsingu og felur framkvæmda- og umhverfismálastjóra framkvæmd verksins.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**8. 202302128 - Fundargerðir stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 2023**

Fyrir liggur fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 22.11.2023.

Lagt fram til kynningar.

**9. 202304031 - Fundagerðir SSA 2023**

Fyrir liggja fundargerð stjórnar SSA, dags. 10.11.2023.

Lagt fram til kynningar.

**10. 202311030 - Fundagerðir Austurbrúar og upplýsingapóstur 2023**

Fyrir liggur fundargerð stjórnar Austurbrúar, dags. 10.11.2023.

Lagt fram til kynningar.



**11. 202310203 - Samráðshópur um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði**

Fyrir liggur fundargerð samráðshóps um framtíðaruppbygging atvinnulífs á Seyðisfirði, dags. 27.11.2023.

Lagt fram til kynningar.

**12. 202301190 - Fundargerðir Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2023**

Fyrir liggur fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24.11.2023.

Lagt fram til kynningar.

**13. 202311041 - Reglur um Menningarstyrki Múlapings**

Fyrir liggur erindi frá verkefnastjóra menningarmála þar sem óskað er eftir því að byggðaráð tilnefni aðila úr ráðinu í faghóp um úthlutun menningarstyrkja Múlapings.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð samþykkir að tilnefna Ívar Karl Hafliðason sem fulltrúa byggðaráðs í faghóp um úthlutun menningarstyrkja Múlapings.

Helgi Hlynur Ásgrímsson lagði fram eftirfarandi breytingar tillögu:

Byggðaráð samþykkir að tilnefna Vilhjálm Jónsson sem fulltrúa byggðaráðs í faghóp um úthlutun menningarstyrkja Múlapings.

Breytingartillagan var samþykkt með 3 atkvæðum, einn á móti (VJ) einn sat hjá (ÍKH)

**14. 202210199 - Hluthafa fundur 13. desember Dýralíf ehf**

Fyrir liggur boðun hluthafafundar Dýralífs ehf. sem haldinn verður 13. desember 2023 á Lyngási 12 á Egilsstöðum og á Microsoft Teams.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings samþykkir að fela Ívari Karli Hafliðasyni að sitja fundinn fyrir hönd Múlapings og fara með atkvæði sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**15. 202311335 - Viljayfirlýsing HÍ og Hallormstaðarskóla**

Inn á fundinn undir þessum lið tengdust Bryndís Fiona Ford og Ragnar Sigurðsson og gerðu grein fyrir þeirri vinnu sem er í gangi varðandi samstarf Hallormsstaðaskóla og Háskóla Íslands. Fyrir liggur viljayfirlýsing um samstarf skólanna er undirrituð var af fulltrúum Háskóla Íslands, Hallormsstaðaskóla og ráðherra háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis 28.11.2023.

Lagt fram til kynningar.



**Gestir**

Ragnar Sigurðsson og Bryndís Fiona Ford - 10:30

**16. 202103213 - Faktorshúsið Djúpavogi**

Sveitarstjóri gerði grein fyrir viðræðum milli fulltrúa sveitarfélagsins og Goðaborgar ehf. varðandi uppbyggingu og framtíðarstarfsemi í Faktorshúsi á Djúpavogi og lagði fram tillögu að útfærslu á samning á milli aðila.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að veita sveitarstjóra umboð til að ganga til samninga við Goðaborg ehf. á grundvelli hugmynda er lagðar voru fram á fundinum.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**17. 202311292 - Umsagnarbeiðni, 73. mál Sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn).**

Fyrir liggur til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011.

Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:10**

